

beiðanda og gegn 400.000.00 króna tryggingu, sem rétturinn tekur gilda.

Miðvikudaginn 5. desember 1962.

Nr. 97/1962. **Guðjón Jónsson og Ágúst Ólafsson**
(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum
(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking og frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júlí 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s. m. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Atvikum málsins og málsástæðum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 24/1958 skal ágreiningur aðilja sæta úrlausn gerðardóms. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 22. nóvember 1961

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 17. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Páli Sigurðssyni forstjóra f. h. Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum með stefnu, útgefinni 7. marz 1961, birtri s. d. á hendur Guðjóni Jónssyni, Heiðavegi 25, og Ágústi Ólafssyni, Brekastíg 24, báðum í Vestmannaeyjum, til greiðslu in solidum á iðgjaldi af bráðafúatryggingu fyrir árið 1958 af m.b. Blátindi, VE 21, sem þá var eign þeirra, að fjárhæð kr. 15.346.65, virðingarkostnaði, kr. 200.00, eða alls kr. 15.546.65, ásamt 8% ársvöxtum frá stefnudegi, 7. marz 1961, til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Einnig krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði lögveðréttur í bátnum fyrir stefnukröfunum.

Stefndu mættu í málinu og gerðu þær réttarkröfur, að þeir yrðu algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hans hendi.

Með lögum nr. 24 frá 29. apríl 1958 var öllum eigendum tréskipa, sem ætluð eru til fiskveiða við Ísland og hafa þilfar, gert að skyldu að vátryggja þau hjá stefnanda gegn skemmdum af bráðafúa og fleiru. Iðgjöldin skyldu ákveðin af ráðherra í samráði við Samábyrgðina, og fylgdi þeim lögveð í skipi. Stefndu voru á þessum tíma eigendur að m.b. Blátindi, VE 21, sem var tréskip með þilfari og ætlað til fiskiveiða. Stefnandi taldi, að skipið félli undir ákvæði laganna og væri tryggingarskylt. Samkvæmt þeim reglum, sem farið var eftir við ákvörðun iðgjalda, reyndist tryggingargjald bátsins kr. 15.346.65 fyrir árið 1958; og að viðbættum virðingarkostnaði, kr. 200.00, áttu stefndu að greiða kr. 15.546.65, og er það stefnukrafa málsins.

Stefndu draga ekki í efa, að umrædd lög nái almennt til bátsins, en hins vegar telja þeir, að þeim sé óskylt að greiða tryggingariðgjald af bátnum árið 1958, vegna þess að þá var báturinn undir viðgerð og stóð óhreyfður allt árið. Á þessu er byggð sýknukrafa þeirra.

Upplýst er, að þurrafúa varð vart í bátnum haustið 1957, og lagði ríkisskoðunin fyrir, að viðgerð og endurbætur skyldu fara fram. Viðgerð hófst þó ekki fyrr en í nóvember 1958 og lauk í október 1959. Báðir aðiljar virðast sammála um, að báturinn hafi staðið uppi í dráttarbraut allt árið 1958. Stefndu fóru fram á af þessum sökum, að bráðafúatryggingariðgjaldið fyrir árið 1958 yrði niður fellt. Þeim tilmælum var synjað, að fenginni umsögn Sjávarútvegsmálaráðuneytisins, og kvað stefnandi þess engin dæmi, að iðgjöld væru felld niður vegna hafnarlegu eða

uppistöðu. Þykir verða að fallast á þessi sjónarmið, þar eð hvorki verður leitt af ákvæðum laga nr. 24/1958 né af eðli málsins, að báteigendur eigi heimtingu á niðurfellingu iðgjalda af þessum ástæðum. Þessi sýknunarástæða stefndu verður því ekki tekin til greina.

Við hinn munnlega málflytning krafðist umboðsmaður stefndu einnig sýknu af þeirri ástæðu, að tryggingarskírteini hefði ekki verið gefið út, og vísaði í því sambandi til 3. gr. laga nr. 24/1958. Tryggingarskírteini liggur ekki fyrir í málinu, en málflytningismaður stefnanda kvað það hafa verið gefið út og sent til umboðsmanns Samábyrgðarinnar hér á staðnum, sem nú er fjarverandi, og myndi það sennilega vera glatað, en að sjálfsögðu hefðu stefndu getað, hvenær sem væri, fengið nýtt skírteini afhent gegn greiðslu iðgjaldsins. Með tilvísun til skýringa málflytningismanns stefnanda þykir þessi sýknuástæða ekki eiga rétt á sér, og verður hún ekki tekin til greina.

Þá hélt og umboðsmaður stefndu því fram við hinn munnlega málflytning, að iðgjaldið, sem krafði væri um, væri of hátt, þar eð lög nr. 24/1958 tóku gildi þann 1. maí 1958, samkvæmt 7. gr. þeirra laga, og beri því aðeins að greiða iðgjald fyrir tíma-bilið frá þeim degi til ársloka. Málflytningismaður stefnanda upplýsti, að iðgjaldið væri miðað við allt árið 1958, enda hefði lög-unum allsstaðar verið beitt þannig, að tryggingin tæki til fúa, sem kæmi í ljós á öllu því ári. Verður ekki talið, að sú framkvæmd laganna sé í ósamræmi við ákvæði þeirra. Lækkunar-krafa stefnda er því ekki tekin til greina.

Að lokum hefur umboðsmaður stefndu vakið máls á, að ágrein-ingsefni máls þessa eigi að leggjast í gerð samkvæmt 6. gr. lag-anna. Ekki hefur hann þó sett fram kröfu um frávísun málsins á þeim grundvelli. Ákvæði nefndrar greinar virðist ekki ná til ágreinings út af iðgjöldum, og þykir því athugasemd stefndu ekki eiga rétt á sér.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið tekið fram, verða kröfur stefnanda á hendur hinum stefndu teknar til greina, og þeir dæmdir til að greiða honum in solidum kr. 15.546.65 ásamt 8% ársvöxtum frá 7. marz 1961 til greiðsludags.

Rétt þykir að ákveða, að stefndu greiði stefnanda kr. 2500.00 í málskostnað.

Lögveðréttur fylgir iðgjöldunum samkvæmt 3. gr. laga nr. 24/1958. En upplýst er, að m.b. Blátindur, V E 21, var farinn úr eign hinna stefndu, löngu áður en mál þetta hófst, en hinum

nýju eigendum ekki stefnt til þess að þola lögveð í bátnum. Kröfu stefnanda um lögveðrétt í bátnum verður því vísað frá réttinum.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu um lögveðrétt í m.b. Blátindi er vísað frá réttinum.

Stefndu, Guðjón Jónsson og Ágúst Ólafsson, greiði in solidum stefnanda, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, kr. 15.546.65 ásamt 8% ársvöxtum frá 7. marz 1961 til greiðsludags og kr. 2500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þess að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. desember 1962.

Nr. 58/1961. **Bæjarstjórinn í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs og Bæjarútgerð Hafnarfjarðar**
(Árni Gunnlaugsson hdl.)
gegn
Lýsi & Mjöl h/f
(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Um gildi samþykktar, er gerð var á hluthafafundi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. marz 1961, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m. Krefjast þeir þess, að ógild verði dæmd samþykkt hluthafafundar hins stefnda félags frá 6. nóvember 1957 þess efnis, að áfram skuli haldið sölu hlutabréfa í félaginu upp í kr. 1.500.000.00. Svo krefjast þeir og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.